

# Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2004

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblað vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, eftir atvikum, fylla út og skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2004.

Þeir sem þurfa að skila skýrslum RSK 10.25, 10.26 eða 10.27 þurfa að nálgast eyðublöðin hjá skattyfirvöldum (nema bændur sem fá eyðublað RSK 10.25 sent hjálagt). Einnig er hægt að sækja þau á upplýsingavef ríkisskattstjóra ([www.rsk.is](http://www.rsk.is)).

## **1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25**

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 2003 að þeir beri virðisaukaskattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald.

Ef talið er fram til tekjuskatts og eignarskatts á forminu „Skattframtal rekstaraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn gerður á því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt virðisaukaskattsnúmer. Að öðrum kosti skal samanburðurinn gerður á forminu „Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) og skýrslunni skilað með skattframtali 2004, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

## **2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26**

Komi við framangreindan samanburð fram mismunur skal leiðrétting gerð á skýrsluforminu „Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Þó skulu þeir sem hafa styttri uppgjörstímabil en tvo mánuði gera leiðréttingu á skýrsluforminu „virðisaukaskattsskýrsla“ (RSK 10.10). Feli nið-

urstaða leiðréttingar í sér greiðsluskyldu skal skýrslunni ásamt greiðslu þegar í stað komið til innheimtumanns ríkissjóðs. Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað til skattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2004.

## **3. Afstemmingarblað - RSK 10.27**

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2003 (almenn skil), júlí-des. 2003 (landbúnaðarskil) eða 2003 (ársskil). Afstemmingarblaði skal skila til skattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2004.

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1207 og skattstjórar um land allt.

**GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA**